



Mynd: Isavia

ÁRSSKÝRSLA 2017

Jákvæðni Fagmennska Traust Virðing



ÁVARP FORSTJÓRA

Nýjar áskoranir blasa stöðugt við í starfi Samgöngustofu. Ný tækni í samgöngum getur bætt öryggi og nýst til að gera samgöngur hagkvæmari, sjálfbærari og greiðari.

Á sviði flugsins, svo dæmi sé tekið, er fengist við dróna og ómönnuð loftför af ýmsu tagi, rafknúna flugvélar, ómannaða flugturna til flugumferðarstjórnar, aukna sjálfvirkni á flugvöllum í formi sjálfspjónustu farþega, meðhöndlunar farangurs og reksturs flugbrauta. Tilvist flugsins í aðeins rúma öld hefur í raun gjörbreytt heiminum, fært okkur nær hvert öðru og brotið niður múra milli þjóða. Ekkert lát er á vexti í flugtengdri starfsemi, þar sem framfarir á sviði tölvutækni koma til með að auka sjálfvirkni og efla öryggi. Samhliða þarf þó að kljást við miklar áskoranir í upplýsinga- og netöryggi í öllum samgöngubáttum. Það mun reyna mikið á öryggisstofnanir eins og Samgöngustofu að fylgjast með, veita leyfi og hafa eftirlit með nýrri og breyttri starfsemi á þessu sviði. Við munum þurfa aukna símenntun og þjálfun, auk samþættingar milli mismunandi samgöngumáta. Farartæki framtíðarinnar munu að einhverju leyti verða jafnvíg til flugs, umferðar á vegum og siglinga með samhæfð leiðsögukerfi að hluta við stjórnvölinn. Menntun, þjálfun og réttindi stjórnenda samgöngutækjanna mun því óhjákvæmilega taka miklum breytingum og ákveðin aðlögun mun þurfa að koma til. Svæðisbundin og jafnvel tímabundin réttindi til að stýra farartækjunum mun verða raunin.

Sjálfstýrð skip og sjálfstýrð ökutæki munu kalla á aukin gæði sjálfvirkrar leiðsögu á sjó og landi. Umferðarmannvirki munu örugglega þróast mikið á komandi árum. Ekki verður jafn mikil þörf á mislægum gatnamótum og aðskilnaði ökutækja, því ökutækin munu „tala saman“ og vita af hvert öðru. Eitt er allavega víst: „Framtíðin er nær en við höldum“.

Það eru sem sagt spennandi tímar framundan og næsta öruggt að hlutverk okkar hjá Samgöngustofu verður verulegt í örum tæknibreytingum komandi ára.

Árið 2017 var áfram unnið með þróun áhættubundins eftirlits. Hugmyndafræðin þar er að meta áhættuþætti út frá atvikaskráningu og að öryggisstjórnunarkerfi leyfishafa þróist í samræmi við það. Hlutverk eftirlitsaðilans er síðan að skoða oftast þá þætti sem eru taldir líklegastir til að fara úrskeiðis og jafnframt að meta hve alvarlegar afleiðingar slíkt myndi hafa. Samtal milli leyfishafa og eftirlitsaðila er nauðsynlegt og byggir á gagnkvæmu trausti. Skv. 19. viðauka í samþykktum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) ber nær öllum aðilum í flugtengdri starfsemi að hafa gilt öryggisstjórnunarkerfi (Safety Management System/SMS) til að halda utan um sína starfsemi. Samgöngustofa sem eftirlitsaðili þarf að uppfylla alþjóðlegar kröfur á þessu sviði og því mikilvægt að „allir séu að tala sama málið“. Mikilvægt er að þekkja áhættuna og stýra henni þannig að hún verði ásættanleg. Setja sér mælikvarða og fylgjast með þeim.

Að efla öryggi er samstarfsverkefni þar sem horfast þarf í augu við atvikin og áhættuna, en alls ekki að beita aðferðum skipunar og refsingar. Við ætlum að halda áfram að samhæfa allt öryggiseftirlit Samgöngustofu á öllum sviðum samgangna með þessum hætti og við fylgjumst vel með alþjóðlegum straumum og stefnum.

Góður árangur náðist í öryggismálum samgangna á árinu 2017. Engin banaslys urðu hjá sjómönnum á árinu. Engin banaslys urðu í flugi á árinu. Í umferð urðu 16 banaslys sem er nálægt meðaltali undanfarinna ára en alvarlegum slysum fækkaði nokkuð, sérstaklega þegar tekið er tillit til stórauðinnar umferðar. Skráningar farartækja á liðnu ári voru með mesta móti og aukning mikil í leyfisveitingum. Eftirlit Samgöngustofu var markvisst og í vaxandi mæli áhættumiðað sem byggir á aukinni ábyrgð þeirra sem stýra farartækjunum og hafa leyfi til reksturs þeirra.

Það er háleitt markmið að fækka slysum og efla samgönguöryggi. Fyrir okkur sem störfum hjá Samgöngustofu er ánægjulegt þegar árangur næst og því horfum við bjartsýn fram á veginn. Við munum áfram árið 2018 sinna þessum mikilvægu verkefnum á jákvæðan hátt og af fagmennsku. Áhugi á samgöngumálum er mikill. Víða er unnið að bættum mannvirkjum, aukinni fræðslu og forvörnum og bættu regluverki til að Ísland verði áfram í fremstu röð ríkja hvað varðar samgönguöryggi. Við ætlum ekki að láta okkar eftir liggja í þeim efnum.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu hjá Samgöngustofu fyrir frábær störf á liðnu ári.

Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu


ÖRYGGI Í SAMGÖNGUM



Gildi starfsfólks Samgöngustofu eru jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

**SAMGÖNGUSTOFA
ER ÖRYGGISSTOFNUN
SAMGANGNA Á ÍSLANDI
OG FER MEÐ STJÓRNSÝSLU
FLUGMÁLA, HAFNA,
SIGLINGA OG SJÓVARNA,
UMFERÐAR- OG VEGAMÁLA.**

Samgöngustofa annast eftirlit, úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Stofnunin sér um undirbúning og innleiðingu laga og reglna á starfsviði hennar, fer með gerð öryggisáætlana í öllum samgöngugreinum og sinnir fræðslu sem unnin er út frá greiningu á atvikum og slysum.



SKIPULAGIÐ

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012.
Samgöngustofa heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri Samgöngustofu er Þórólfur Árnason.

Í árslok 2017 voru í skipuriti Samgöngustofu fimm svið og auk þess þrjár einingar sem einnig heyra beint undir forstjóra.



Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar sviða auk mannauðsstjóra, gæðastjóra og samskiptastjóra.

Farsvið annast leyfisveitingar, skírteini einstaklinga í flugi og siglingum, ökunám, þæknimál, skráningu farartækja og öryggis-efirliti með leyfishöfum.

Mannvirkja- og leiðsöguvið ber ábyrgð á verndarmálum í siglingum og flugi, flugleiðsögu og leiðsögu á sjó, skipulagi loft-rýmisins, málefnum samgöngumannvirkja á Íslandi og eftirliti með höfnum.

Rekstrarsvið annast fjármálastjórn og bókhald, skjalastjórn, umsjón með upplýsingatækni og skrá auk reksturs NorType, samnorræns gagnagrunns um tækniupplýsingar ökutækja.

Samhæfingarsvið sér um stjórnsýslu samgöngumála, samræmingu alþjóðlegra samskipta, samgönguáætlun, samgönguvirkt og neytendamál og öryggis- og fræðslumál.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á því sem viðkemur mannauðsmálum stofnunarinnar, launamálum og ferðabókunum fyrir starfsfólk.

Gæðastjóri ber ábyrgð á því að gæðakerfi stofnunarinnar sé í samræmi við þarfir hennar og meginmarkmið.

Samskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla, vefsíðu stofnunarinnar og samræmi í framkvæmd innri og ytri upp-lýsingamála.



Á árlegum þemadegi slær starfsfólk á léttari strengi með búningum og skemmtilegum leikjum eftir hefðbundinn vinnudag.

MANNAUÐURINN

Í árslok 2017 var fastráðið starfsfólk Samgöngustofu 142 talsins auk 10 verktaka, samtals 63 konur og 89 karlar. Mannauðsstefnan byggir á gildunum jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlitsmanna eru gjarnan skilgreindar í reglugerðum og þeim fylgt eftir í úttekktum erlendra aðila. Á árinu voru sótt fjölmörg námskeið t.d. á sérhæfðum sviðum sem snúa t.d. að samgönguvernd og flug- og siglingatæknilegum málum auk málefna á sviði umferðar. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk fái þjálfun í meðferð stjórnsýslumála og er skipulögð þjálfun í nýjum stjórnsýslukröfum.



Samgöngustofa er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem lögð er áhersla á gott jafnvægi starfs og einkalífs. Öllu starfsfólki standa til boða heilsustyrkir og samningar um samgöngustyrki. Á árinu 2017 var tilraunaverkefni um hreyfingu á vinnutíma hrundið af stað og mæltist það mjög vel fyrir.

Mikið er lagt upp úr góðu upplýsingaflæði, m.a. með vikulegum starfsmannafundum, innri og ytri vef og greiðum aðgangi að fundargerðum. Jafnt og þétt er unnið úr niðurstöðum vinnustaðagreininga og markmiðum þeim tengdum.



Á Framadögum Háskólans í Reykjavík skoðaði forseti Íslands kosti þess að sækja um starf hjá Samgöngustofu.



STARFSEMIN

Samgöngustofa ræktar tengsl við hagaðila og á við þá stöðug og virk samskipti. Markmiðið er að vinna að mótun sameiginlegs skilnings á samgönguöryggi, mikilvægi eftirlits og gagnkvæmum viðurkenningum alþjóðlegra réttinda. Sífellt er unnið að umbótum á starfsaðferðum og þjónustu.



Af ársfundi samtaka flugmálastjórna í Evrópu (ECAC) sem haldinn var á Íslandi í ágúst 2017.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Þátttaka Samgöngustofu í alþjóðlegu samstarfi er grundvöllur ýmiss konar starfsemi á verksviði stofnunarinnar svo Ísland standi jafnfætis viðmiðum annarra Evrópuþjóða. Alþjóðlegt samstarf er jafnframt nauðsynleg forsenda til að skapa umhverfi fyrir íslensk fyrirtæki sem gerir þeim kleift að starfa í samkeppni við erlend fyrirtæki og á erlendum vettvangi.

Í starfseminni felast samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnsýslu í flug- og siglingamálum getur haft bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Í umferðarmálum tekur Samgöngustofa m.a. þátt í samstarfsverkefnum á borð við EUCARIS og EReg. Á árinu gerðist Ísland aðili að CIECA, sem eru Evrópusamtök prófunaraðila ökuþróa. Veittur var styrkur til Euro RAP verkefnis Félags íslenskra bifreiðaeigenda árið 2017, eins og undanfarin ár.

Ítarlegar alþjóðlegar kröfur eru um stjórnsýslu flugmála. Í flugtengdri starfsemi er Samgöngustofa, fyrir hönd Íslands, aðili að Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og

samtökum flugmálastjórna (ECAC) í Evrópu og tekur þátt í starfsemi þeim tengdum. Ísland á hlutdeild í rekstri norrænnar skrifstofu (Nordica) hjá ICAO í Montréal, Kanada. Ríkin sem standa að skrifstofunni eru ásamt Íslandi, Danmörk, Eistland, Finnland, Lettland, Noregur og Svíþjóð.

Í siglingamálum er Samgöngustofa aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og uppfyllir skyldur Íslands vegna aðildar að Parísarsamkomulaginu (Paris MoU) um hafnaríkiseftirlit með erlendum skipum.

Samgöngustofa tekur þátt í reglubundnum stjórnarfundum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) og hefur áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Eurocontrol. Starfsemi Samgöngustofu er háð eftirliti hinna tveggja fyrrnefndu.



UMFERÐ ÁRSINS


Samgöngustofa annast stjórnýslu og stefnumótun umferðar á vegum sem byggir að miklu leyti á evrópskum reglugerðum þó einnig séu í gildi séríslenskar reglur.

Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð þeirra og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi þeirra þriggja fyrirtækja sem sjá um skoðanir ökutækja og hafa gilt starfsleyfi. Hún annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleiga.


Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu ökuskóla og ökugerða og hefur umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu. **Alls luku 5.344 prófi til almennra ökuréttinda en 8% nemenda stóðst ekki verklegt ökuþróf.**

Ýmsar breytingar voru gerðar á regluverki umferðarmála á árinu 2017. Þar á meðal má nefna breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskipti en með henni er gert valkvætt hvort lært sé á og tekið próf á sjálfskipta eða beinskipta bifreið og fá útgefin ökuréttindi í samræmi við það.


Fjöldi gilda leyfa til fólksflutninga




Fjöldi ökutækja í ökutækjaleigu 1. júlí ár hvert




Nýskráningar fólksbifreiða




Fjöldi bifreiða á skrá í lok hvers árs




Nýskráningar annarra bifreiða




Nýskráningar ferðavagna



Hlutfall fólksbifreiða sem nota aðra orkugjafa en bensín eða dísl



Nýskráningar bifhjóla



- Jarðefnaeldsneyti og metan
- Tvinnbílar (hybrid)
- Rafmagn
- Metan
- Tengitvinnbílar (plugin hybrid)



FLUG ÁRSINS

Samgöngustofa sinnir stjórnsýslu, heimildarveitingum og eftirliti með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri, á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar. Stofnunin hefur hlutverk sem varðar eftirlit með framkvæmd flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi og fer með skipulag loftrýmisins en Ísland sinnir mun stærra loftrými en sem nemur lofthelgi landsins.

Samgöngustofa gefur út starfsleyfi og sinnir öryggiseftirliti með starfsemi hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu, sem á Íslandi eru Isavia og Veðurstofan. Um 300 störf tengjast flugleiðsöguþjónustu á Íslandi.

Í árslok 2017 tók gildi reglugerð um fjarstýrð loftför (dróna) og þar með voru settar almennar takmarkanir við drónaflugi en Samgöngustofa getur veitt sérstakar undanþágur og leyfi. Mikil þróun er í þessari tækni og því er fræðsla um ábyrgð og öryggismál við stjórnun dróna afar brýn.

Samgöngustofa sér um framkvæmd Evrópureglna í neytendamálum í flugi og er heimilt að skera úr ágreiningi með ákvörðun. **Á árinu 2017 barst alls 1.121 kvörtun frá flugfarþegum sem er nær 164% aukning frá árinu á undan.**


Eftirlit með flugvöllum felst í að tryggja að íslenskir flugvöllir uppfylli gildandi kröfur. Á árinu var unnið að innleiðingu evrópskrar reglugerðar EASA um flugvelli og jafnframt að endurskoðun á reglugerð um innanlandsflugvelli á Íslandi.



Mynd: flightradar24.com


Samgöngustofa annast skráningu loftfara og heldur loftfaraskrá, gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri og einstaklingum sem þurfa á starfsleyfum eða sérstökum heimildum að halda til að stunda rekstur og veita þjónustu.

Fjöldi loftfara




Á súluriti hér fyrir neðan má sjá þróun í flugstundum á loftförum skráðum á Íslandi. Á árinu 2017 var fjöldi þeirra mestur frá upphafi í íslenskri flugsögu.

Fjöldi flugtíma




Samgöngustofa hefur yfirumsjón með framkvæmd verklegra flugprófa og heldur bókleg próf fyrir útgáfu skírteina flugmanna. Einnig gefur stofnunin út einstaklingsskírteini fyrir flugmenn, flugumferðarstjóra, flugvirkja og flugumsjónarmenn.

Fjöldi bóklegra atvinnuflugmannsprófa



Fjöldi áritana í skírteini flugmanna





SIGLINGAR ÁRSINS


Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins, gefur út skírteini fyrir einstaklinga og veitir heimildir til starfsemi tengdri siglingum. Stofnunin annast stjórnsýsluverkefni á grundvelli hafnalaga, laga um sjóvarnir, laga um vitamál og laga um vaktstöð siglinga.

Samgöngustofa hefur umsjón með lögskráningu sjómanna og heldur aðalskipaskrá sem geymir ýmsar upplýsingar um íslensk skip.

Árið 2017 einkenndist af töluverðum nýsmíðum á stærri fiskiskipum en Samgöngustofa hefur aðkomu að slíkum verkefnum með útgerðum, allt frá undirbúningi að smíði og skráningu.

Á árinu bættust alls 9 ný skip yfir 1.000 brúttótonn við flotann, alls 36 skip voru frumskráð á árinu, 21 þilfarsskip og 15 opnir bátar.

Fjöldi skipa á skipaskrá í árslok




Ýmis lög og reglugerðir tóku breytingum á árinu 2017 í samræmi við hið alþjóðlega umhverfi, en íslenskar reglur eru að miklu leyti byggðar á erlendum kröfum og kalla á alþjóðlegt samstarf. Gerðar voru breytingar á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa þannig að ráðherra var veitt heimild til að setja sérstakar reglur um mönnun vinnuskipa í fiskeldi.


Breytingar voru gerðar á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa þess efnis að fiskiskip sem er styttra en 12 m að lengd skuli búið gúmmibjörgunar-báti sem rúmi alla um borð, þar með talið eftirlitsmenn Fiskistofu.

Á árinu 2017 bárust tvær kvartanir frá neytendum á grundvelli regluverks frá árinu 2016 um réttindi sjófar-þega og eitt staðfest álit var gefið út. Líklega má rekja lítinn málafjölda til þess að regluverkið er tiltölulega nýlega lögfest og að lítil vitund er meðal neytenda um tilvist þeirra réttinda sem það felur í sér.


Fjöldi útgefna skírteina



Fjöldi útgefna skírteina atvinnukafara



Fjöldi útgefna skírteina fyrir skemmtibáta



Markmið siglingaverndar er að tryggja vernd sjóflutninga, skipa, hafna, farms, útgerða og fyrirtækja gegn hryðjuverkum eða ógn sem stafar af vísvitandi ólögðum aðgerðum. Samgöngustofa veitir heimildir, samþykki og leyfi vegna siglingaverndar og annast eftirlit í formi úttekta vegna hennar. Alls 33 hafnir og 55 hafnaraðstöður á Íslandi hafa alþjóðlega verndarvottun en úttektirnar taka m.a. mið af svonefndum ISPS-kóða, samþykktum Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar, alþjóðlegum reglugerðum sem innleiddar eru hér á landi og siglingaverndaráætlun Íslands. Stofnunin sætir eftirliti erlendra aðila um framkvæmd siglingaverndar og á árinu 2017 var gerð úttekt af hálfu ESA um framkvæmdina í þremur höfnum og einu skipi. US Coast Guard kynnti sér siglingavernd á Íslandi og fékk kynningu um framkvæmd hennar.





ÖRYGGISÁÆTLANIR


Öryggisáætlanir eru reknar fyrir allar greinar samgangna, þ.e. umferð, flug og siglingar. Samgöngustofa leitast við að skapa sem mest öryggi í samgöngum fyrir alla hópa notenda í lofti, á láði og legi, m.a. með því að ná fram hugarfarsbreytingu og að auka virðingu fyrir lögum og reglum. Stofnunin stýrir fræðslu og miðlun upplýsinga um öryggismál samgangna sem er m.a. skilgreind út frá greiningu á atvikum og slysum og stuðlar að þátttöku og samstarfi allra aðila sem vilja vinna að framgangi þeirra.

Stofnunin tekur þátt í markmiðssetningu og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, sér um skráningu og greiningu umferðarslysa og nýtir þau gögn til rannsókna og fræðslu í þágu aukins umferðaröryggis innan skóla, hjá íslenskum almenningi og meðal erlendra ferðamanna.

Samgöngustofa útfærir og framkvæmir flugöryggisáætlun sem felst m.a. í að innleiða og fylgja eftir alþjóðlegum reglum, skrá flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greina



flugatvik og miðla fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfis höfum flugleiðsögu og skírteinishöfum ber að tilkynna til Samgöngustofu öll flugatvik sem verða. Tilgangurinn er að stuðla að því að sambærileg atvik endurtaki sig ekki.

Samgöngustofa sér um framkvæmd öryggisáætlunar sjófarenda en markmið hennar er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra.



Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni á Íslandi, samanborið við sett markmið.

Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2026 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri en sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2022 og að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra minnki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2026. Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmarkmið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf. Á árinu 2017 var stefnt að því að alvarlega slasaðir og látnir yrðu ekki fleiri en 141 talsins, en niðurstaða ársins hljóðaði upp á 205 manneskjur.



Flugrekendum og starfsleyfishöfum flugleiðsögu ber að tilkynna til Samgöngustofu öll flugatvik og flugslys sem verða svo læra megi af reynslunni. Árið 2017 urðu 2 flugslys og 17 alvarleg flugatvik. Tilkynnt flugatvik voru 1.403 sem er 6,7% fækkun frá árinu á undan. Unnið er að áhættumiðuðu eftirliti til viðbótar við hefðbundið eftirlit. Felst það í greiningu á því hvar þörfin er mest svo beina megi kröftunum þangað.

Meginmarkmið áætlunar um öryggi sjófarenda er að fækka slysum á sjó. Engin dauðaslys urðu á árinu 2017 og varð árið þar með hið fjórða án banaslysa á sjó frá upphafi skráninga. Áfram er stefnt að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og það gerist best meðal þjóða heims. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttaka í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð í skipum og rannsókn- og þróunarverkefni.



FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Margvíslegt fræðsluefni til að efla forvarnir og öryggi í samgöngum var útbúið á árinu 2017, oft í samstarfi við aðra aðila. Auk margskonar umfjöllunar í fjölmiðlum má meðal verkefna nefna "Höldum fókus" þar sem gestum Smáralindar gafst kostur á að upplifa afleiðingar farsímanotkunar við akstur í gegnum sýndarveruleika. Sérstakt átak var gert um notkun endurskinsmerkja. Fræðslumyndir um akstur voru sýndar í sjónvarpi og notaðar í öðru efni, unnið kröftuglega að umferðarfræðslu í grunnskólum og börn um allt land fengu sendar bækurnar um krakkana í Kátugötu.

Áhersla var lögð á fræðslu fyrir erlent ferðafólk um aðstæður á íslenskum vegum með samstarfi við sendiráð, framleiðslu og skilvirkri dreifingu fræðslumynda og stýris-spjalda fyrir bílaleigubíla auk annars kynningarefnis.

Unnið var að viðtækri kynningu á reglum um drónaflug og gefið út sérstakt fræðsluefni fyrir einkaflugmenn.

Mikil áhersla var lögð á að sjómenn vöktuðu neyðarrásina og gættu að hleðslumörkum báta og skipa.



UMHVERFISMÁL

Samgöngustofa tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, t.a.m. norrænum og evrópskum samstarfsfundum um umhverfismál í flugi. Á hverju ári veitir stofnunin tæknilegar upplýsingar um útbúnað og útblástur farartækja, t.d. vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og til Umhverfisstofnunar Evrópu um útblástur ökutækja.

Á alþjóðavettvangi hefur verið rætt um markmið til að draga úr umhverfisáhrifum frá flugumferð í samhengi við Parísarsamninginn. Unnið er að nýju alþjóðlegu kerfi á markaðsgrunni um losunarheimildir (CORSA). Samgöngustofa hefur unnið að undirbúningi innleiðingarinnar í góðri samvinnu við Umhverfisstofnunar auk þess að bera ábyrgð á skilum á aðgerðaáætlun ríkis til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.



Frá fundi vinnuhóps norrænna sérfræðinga um umhverfismál, haldinn á Íslandi í maímánuði.

STIKLUR



Í árslok sýndi sjónvarpsstöðin Hringbraut þrjá athyglisverða og fræðandi sjónvarpsþætti sem fjölluðu um starfsemi Samgöngustofu og helstu framtíðarverkefni hennar. Hver þáttur var tileinkaður einni gerð samgangna og var öryggi á vegum, í lofti og á sjó. Þættirnir voru gerðir með þátttöku starfsfólks Samgöngustofu.



Í niðurstöðum árlegrar könnunar um umferðarhegðun kom meðal annars fram að farsímanotkun ökumanna er sú hegðun sem veldur öðrum vegfarendum mestu álagi. Einnig, að yfir helmingur ökumanna telur hæfni sína nokkuð eða langt yfir meðallagi annarra en aðeins 1,6% telur eigin hæfni vera undir meðallagi.



Samtök evrópskra flugmálayfirvalda, ECAC, héldu ársfund sinn í Reykjavík snemma hausts, en samtökin vinna að þróun öruggra, skilvirkra og sjálfbærra evrópskra flugsamgangna. Samgöngustofa hélt utan um fundinn með tilstyrk samgönguráðuneytisins. Aðildarríkin 44 skiptast á að halda ársfundinn en um nokkurt skeið hafði verið óskað eftir því að fundarstaðurinn yrði á Íslandi. Ástæða þess er ekki hvað síst mikilvægi Íslands í flugsamgöngum og sá mikli vöxtur sem orðið hefur á allri flugtengdri starfsemi hérlandis. Alls 70 erlendir gestir sóttu fundinn, meðal annars framkvæmdastjóri ECAC, Patrick Ky. Viðburðurinn var einkar vel heppnaður og tækifæri til samtals vel nýtt með þátttöku fulltrúa úr íslenskum flugiðnaði.



Óvenjulega mörg ný stór skip bættust við íslenska fiskiskipaflotann á árinu, en Samgöngustofa hefur eftirlit með nýsmíði skipa. Koma þessara skipa til landsins er gjarnan haldin hátíðleg. Forstjóri Samgöngustofu og sérfræðingar í siglingamálum hjá stofnuninni samfögnuðu skipstjóra Engeyjar RE 91 við slíkt tækifæri.



Mikil aukning í innflutningi ökutækja olli lengri biðtíma á forskráningum þeirra. Til að mæta þessari vaxandi þörf þróaði Samgöngustofa kerfi fyrir rafrænar forskráningar, svo innflutningsaðilar geta nú forskráð sjálfir gerðarviðurkennd ökutæki. Rafrænu lausninni er ætlað að spara tíma, bæði í forskráningum og umsýslu gagna.



Skarphéðingafélagið, sem kennt er við Skarphéðinn Pálmason eðlisfræðikennara við MR, leit við haustið 2017 og veitti Samgöngustofu skammtilega viðurkenningu fyrir notkun á bókstafnum Z í bílnúmerum. Markmið félagsins er einmitt að halda þessum tiltekna bókstaf á lofti.



Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) stendur um þessar mundir fyrir heildarúttektum á stöðu siglingamála í aðildarríkjum sínum, svokölluðum IMSAS-úttektum. Markmið þeirra er að greina hvernig ríkin hafa innleitt og hrint í framkvæmd ákvæðum samþykkt og þannig stuðlað að auknu siglingaöryggi og mengunarvörnum frá skipum. Úttektin á Íslandi fer fram árið 2019 og krefst verulegs undirbúnings aðildarlandanna. Samgöngustofa er í forsvari fyrir úttekt Íslands í samvinnu við ýmsar stofnanir og ráðuneyti. Fyrsti fundur með fulltrúum allra íslensku stofnananna var haldinn í janúar 2017.



Í mars var undirritaður samningur um framkvæmd ökuþrófa til næstu fimm ára. Var hann gerður á milli Samgöngustofu og Frumherja hf., að undangengnu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama fyrirtæki hefur annast þessa framkvæmd í umboði Samgöngustofu undanfarin ár en nýi samningurinn tók gildi frá og með 1. júní 2017.

Rekstrarreikningur 2017

Tekjur

Sértekjur	667.987.239
Aðrar rekstrartekjur	464.277.074
Framlag ríkissjóðs	1.245.690.368

Tekjur alls 2.377.954.681

Gjöld

Launakostnaður	1.575.983.219
Rekstrarkostnaður	135.913.421
Húsnæðiskostnaður	113.362.685
Starfstengdur kostnaður	78.925.919
Aðkeypt þjónusta	314.122.570
Afskriftir eigna	8.233.085

Gjöld alls 2.226.540.899

Tekjuafgangur án fjármagnsliða	151.413.782
--------------------------------	-------------

Tekjuafgangur ársins 154.612.629

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Efnahagsreikningur

31. desember 2017

Eignir

Veltufjármunir

Skammtímakröfur	462.488.984
Birgðir	52.422.927
Ríkissjóður	1.445.261.211
Handbært fé	44.310.346
Veltufjármunir alls	2.004.483.468

Fastafjármunir

Tæki og búnaður	31.306.081
Fastafjármunir alls	31.306.081

Eignir alls 2.035.789.549

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Höfuðstóll

Höfuðstóll	68.931.434
Breyting á höfuðstól v/LOF	12.367.000
Tekjuafgangur ársins	154.612.629
Höfuðstóll	235.911.063

Annað eigið fé

Bundið fé	1.534.878.019
Annað eigið fé alls	1.534.878.019

Eigið fé alls 1.770.789.082

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	265.000.467
Skuldir alls	265.000.467

Eigið fé og skuldir 2.035.789.549

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

